

# Ársskýrsla og staðtölur

2012



Sjúkratryggingar  
Íslands



# 2012





**Útgefandi:**

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ)

**Ábyrgðarmaður:**

Steingrímur Ari Arason, forstjóri.

**Ritstjóri:**

Ásta Rósa Magnúsdóttir, deildarstjóri þróunarmála

**Útlit, umbrot:**

Sjúkratryggingar Íslands

**Hönnun:**

Oscar Bjarnason (Kápa).

**Netútgáfa á vefsíðu:**

[www.sjukra.is](http://www.sjukra.is)

Staðtölur og ársreikningar Sjúkratrygginga Íslands eru gefin út í rafrænni skýrslu. Öll réttindi áskilin. Heimilt er að afrita skýrsluna að hluta eða í heild og birta enda sé heimildar ávallt getið.

Ársskýrsla  
og staðtölur  
Sjúkratrygginga  
Íslands

## Efnisyfirlit

	Bls.
Aðfaraorð .....	5
Hlutverk og skipulag Sjúkratrygginga Íslands .....	10
Stjórn Sjúkratrygginga Íslands 2012 .....	14
Resktur Sjúkratrygginga Íslands 2012 .....	15
Annáll 2012 .....	17
Yfirlit yfir samninga í gildi í árslok 2012 .....	20
Umboð Sjúkratrygginga Íslands 2012 .....	25
<b>Sjúkratryggingar</b>	
Tafla 1.1 Útgjöld sjúkratrygginga í samanburði við útgjöld hins opinbera 2003-2012, milljónir kr. ....	28
Tafla 1.2 Útgjaldaflokkar sjúkratrygginga 2008-2012, í milljónum kr. ....	29
<b>Lyf</b>	
Tafla 1.3 Lyfjaútgjöld eftir lyfjaflokkum 2010-2012, millj. kr. ....	30
Tafla 1.4 Lyfjaútgjöld SÍ, 25 kostnaðarmestu lyfjaflokkarnir 2011-2012, millj. kr. ....	32
Tafla 1.5 Lyfjaútgjöld og greiðsluþátttaka SÍ eftir kyni og aldri 2011-2012.....	33
Tafla 1.6 Lyfjaútgjöld SÍ í fjórum kostnaðarmestu lyfjaflokkunum eftir aldri og kyni, kr. ....	35
<b>Lækniskostnaður</b>	
Tafla 1.7 Útgjöld vegna sérgreinalækninga, fjöldi sérgreinalækna, komur og skipting á kostnaði 2012.....	38
<b>Tannlækningar</b>	
Tafla 1.8 Fjöldi sjúklinga og útgjöld sjúkratrygginga vegna almennra tannlækninga 1995-2012.....	42
Tafla 1.9 Fjöldi barna og viðgerða hjá tannlæknum með kostnaðarþátttöku SÍ 1998-2012 .....	44
<b>Hjálpartæki</b>	
Tafla 1.10 Hjálpartæki og næring, útgjöld flokkuð niður á útgjaldaflokkum 2004-2012, milljónir króna .....	45
Tafla 1.11 Dæmi um úthlutun nokkurra hjálpartækja og útgjöld vegna þeirra 2005-2012 .....	47
<b>Þjálfun</b>	
Tafla 1.12 Fjöldi sjúklinga og komur til sjúkrahjálfa á samt útgjöldum sjúkratrygginga 2010-2012.....	48
Tafla 1.13 Fjöldi sjúklinga í talþjálfun og fjöldi koma/skipta 2010-2012.....	49
Tafla 1.14 Fjöldi sjúklinga í iðjuþjálfun og fjöldi koma/skipta 2009-2012.....	50
<b>Annað</b>	
Tafla 1.15 Fjöldi sjúkrafluga .....	51
<b>Slysatryggingar</b>	
Tafla 2.1 Helstu útgjaldaflokkar eftir greiðsluflokkum 2006-2012, þús. kr. ....	54
Tafla 2.2 Helstu útgjaldaflokkar eftir tryggingaflokkum 2006-2012, þús. kr. ....	55
Tafla 2.3 Fjöldi þeirra sem metnir hafa verið 10-49% öryrkjar í kjölfar slyss 2005-2012 .....	55
Tafla 2.4 Greiðslur flokkaðar eftir tegund greiðslu 2008-2012, kr. ....	57
Tafla 2.5 Tilkynnt slys, flokkuð niður á tegund tryggingar 1996-2012 .....	57
<b>Sjúklingatrygging</b>	
Tafla 3.1 Sjúklingatrygging, fjöldi mála 2005-2012 .....	60
<b>Ársreikningar 2012</b>	
Sjúkratryggingar Íslands .....	61
Sjúkratryggingar .....	73
Slysatryggingar .....	89
Sjúklingatrygging .....	101

## Aðfaraorð



### Réttindagreiðslur Sjúkratrygginga Íslands fyrir árið 2012

Réttindagreiðslur Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) fyrir árið 2012 námu 31.678 milljón kr. sem voru 5,3% af heildarútgjöldum ríkisins og 1,9% af vergri landsframleiðslu. Útgjöld jukust þannig í krónum talið um 1.057 milljónir frá árinu 2011. Kostnaður vegna níu réttindaflokka hækkaði um 1.598 milljónir á sama tíma og kostnaður fimm flokka lækkaði um 541 milljón kr. Mestu breytingarnar voru í lyfjakostnaði, vegna S-merktu lyfjanna sem hækkuðu um 597 milljónir og vegna almennu lyfjanna sem lækkuðu um 422 milljón kr.

### Útgjöld sjúkra-, slysatrygginga og sjúklingatryggingar 2008-2012

Milljónir króna á verðlagi hvers árs

	Sjúkra- tryggingar	Slysa- tryggingar	Sjúklinga- trygging	Samtals	% af heildar- útgjöldum samkvæmt þjóðhags- reikningi	% af vergri landsframl.
2008	22.158	603	103	<b>22.761</b>	3,4	1,5
2009*	30.837	609	97	<b>31.446</b>	5,5	2,1
2010	29.170	560	125	<b>29.854</b>	4,9	1,9
2011	29.985	547	89	<b>30.621</b>	5,2	1,9
2012	30.935	655	88	<b>31.678</b>	5,3	1,9

Hagstofa Íslands: Gjöld ríkissjóðs, Verg landsframleiðsla.


\* Fjárveitingar vegna S-merktra lyfja voru fluttar til SÍ í ársbyrjun 2009

### Útgjöld réttindaflokka SÍ 2012 (kr.):

	2012	2011
<b>Sjúkratryggingar:</b>		
Læknakostnaður	6.479.161.153	6.122.155.201
Lyf	8.911.130.067	9.332.576.806
Lyf með S-merkingu	5.881.939.801	5.285.099.191
Hjálpartæki og næring	3.280.924.157	3.009.351.664
Hjúkrun í heimahúsum	189.090.467	201.223.517
Þjálfun	1.835.482.547	1.747.745.267
Tannlæknakostnaður	1.403.023.634	1.322.834.533
Sjúkraflutningar og ferðir innanlands	465.459.521	430.999.159
Brýn meðferð erlendis	1.750.368.546	1.849.000.369
Súkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	235.624.069	243.212.292
Sjúkradagpeningar	252.491.342	215.542.384
Annað	250.599.438	225.175.720
Samtals sjúkratryggingar:	30.935.294.742	29.984.916.103
<b>Slysatryggingar</b>	655.203.737	547.363.282
<b>Sjúklingatrygging</b>	87.990.702	88.872.462
<b>Samtals útgjöld sjúkra-, slysa- og sjúklingatryggingar</b>	<b>31.678.489.181</b>	<b>30.621.151.847</b>

Hækkun réttindagreiðslna SÍ um 1.057 milljón kr. milli árunna 2011 og 2012 var 3,5%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 5,2%. Á föstu verðlagi lækkuðu því réttindagreiðslurnar um 532 milljón kr. eða 1,7% milli árunna 2011 og 2012.

Kostnaðarhlutdeild sjúkratryggðra var mjög breytileg eftir réttindaflokkum, t.d. engin í kostnaði vegna S-merktra lyfja, um 25% að meðaltali þegar kom að almennu lyfjunum og 40% í kostnaði vegna þjálfunar. Þegar allir réttindaflokkarnir eru teknir saman má ætla að kostnaðarhlutdeild sjúkratryggðra hafi verið nálægt 23% og greiðsluþátttaka sjúkratrygginganna því um 77%. Heildarverðmæti þjónustunnar sem greiðsluþátttakan tók til og heyrði undir réttindaflokkana var því nálægt 41.300 milljón kr. á árinu 2012.



### Sjúkratryggingar

SÍ fara með framkvæmd sjúkratrygginga sem taka til heilbrigðisþjónustu s.s. lyfja, læknishjálpar, tannlækniskostnaðar, hjálpartækja o.s.frv.

Útgjöld vegna lyfja með S-merkingu (sjúkrahúslyf) hækkuðu frá fyrra ári um 11,3% eða um 597 milljón kr. eins og áður segir. Lyf með S-merkingu eru fyrst og fremst lyf sem gefin eru á göngudeildum Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri. Að einhverju marki mátti rekja þessa miklu aukningu til uppsafnaðrar þarfar, en vegna aðhaldsaðgerða voru nánast engin ný S-merkt lyf innleidd á árunum 2009 – 2011.

Kostnaður vegna almennu lyfjanna lækkaði frá fyrra ári um 4,5% eða um 422 milljón kr. Samtímis jókst lyfjanotkunin mæld í fjölda skilgreindra dagsskammta (DDD) um 1% og gengi krónunnar hélst að meðaltali nánast óbreytt, þótt vissulega hafi verið sveiflur milli mánaða.

Lækkun kostnaðar milli ára skýrist fyrst og fremst af aukinni samkeppni á lyfjamarkaði, en verð á mörgum lyfjum lækkaði mikið með tilkomu nýrra samheitalyfja. Þannig lækkaði t.d. kostnaður vegna meltingafæra- og efnaskiptalyfja um 209 milljón kr. og vegna hjarta- og æðasjúkdómalyfja um 117 milljón kr. Kostnaður vegna geðrofslyfja lækkaði um 76 milljón kr. í kjölfar breytinga sem gerðar voru á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga 1. júní 2012. Þá er rétt að geta þess að bæði notendagjöld og smásöluálagning voru hækkuð í upphafi árs 2012.

## Slysatryggingar

SÍ fara með framkvæmd slysatrygginga sem taka til vinnu, heimilisstarfa og íþróttar sem dæmi. Útgjöld slysatrygginga hækkuðu samtals um 108 milljón kr. eða 19,7% milli ára. Með nýrri reglugerð sem tók gildi 1. ágúst 2012 var gildissvið slysatryggingar við heimilisstörf víkkað talsvert og öll viðhaldsstörf og viðgerðir í og við heimili, sem ekki eru liður í atvinnustarfsemi, felld undir trygginguna. Slysatrygging við heimilisstörf er valkvæð og er sótt um hana með því að haka í þar til gerðan reit á skattframtali. Kostnaður við trygginguna fyrir hinn sjúkratryggða var 450 kr. á árinu 2012.

## Sjúklingatrygging

SÍ fara einnig með framkvæmd sjúklingatryggingar er veitir sjúklingum rétt til bóta fyrir líkamlegt eða geðrænt heilsutjón sem verður vegna meðferðar eða rannsóknar. Útgjöld vegna sjúklingatryggingar stóðu nánast í stað milli 2011 og 2012.

## Samningar við veitendur heilbrigðisþjónustu

Þó að árið 2012 hafi byrjað ágætlega, annars vegar með samningi við Náttúrulækningafélag Íslands til ársloka 2016 og hins vegar með samningi við sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara til 31. janúar 2013 var árið erfitt með tilliti til samninga við veitendur heilbrigðisþjónustu. Ekki náðust samningar við stóra og mikilvæga þjónustuveitendur sem höfðu verið án samninga lengi og ekki náðist að endurnýja alla samninga eins og að var stefnt. Margir samningar voru gerðir til skamms tíma og þeim einungis ætlað að gilda til bráðabirgða.

Samningar við sjálfstætt starfandi sérgreinalækna runnu út 1. apríl 2011 og ekki tókst á árinu 2012 að ná samstöðu um grundvöll fyrir eiginlegar samningaviðræður. Mikil vinna var á hinn bóginn lögð í stefnumótun og undirbúning viðræðna við sjálfstætt starfandi tannlækna. Náíð samráð var haft við fulltrúa tannlækna og var hægt að hefja markvissar samningaviðræður við þá í lok ársins.

Ríkisstjórnin samþykkti í nóvember 2012 tillögu velferðarráðherra um að veita Sjúkratryggingum Íslands samningsumboð með það að markmiði að tannlækningar fyrir börn yrðu niðurgreiddar að fullu. Stefnt skyldi að því að ná þessu markmiði í áföngum og að innleiðingu á nýju kerfi yrði lokið í ársbyrjun 2018. Tillögurnar voru unnar af starfshópi sem velferðarráðherra hafði skipað um sumarið. Til viðbótar tillögum um fyrirkomulag þessara mála til framtíðar lagði hópurinn til breytingar á gjaldskrá SÍ og hafði þeim verið hrint í framkvæmd 1. júlí 2012. Með þeim hækkaði hlutfall endurgreiðslu raunkostnaðar vegna tannlækninga barna úr tæpum 42% að meðaltali í rúm 62% og var endurgreiðslan þar með orðin hærri en hún hafði verið í tæpan áratug.

Í byrjun árs skipaði velferðarráðherra ráðgjafahóp til að fara í saumana á faglegum þáttum í starfsemi einkarekinna læknastofa og gera tillögur til úrbóta eftir því sem þörf krefði. Formaður hópsins var Magnús Pétursson og skilaði hann niðurstöðum sínum í október 2012. Meginniðurstaðan var sú að íslensk heilbrigðisþjónusta væri góð og vel búin að öryggi sjúklinga samkvæmt lögum. Lög um réttindi sjúklinga gera ekki greinarmun á því hvort hið opinbera eða einkaaðilar veita heilbrigðisþjónustu og mat hópsins var að reglur um starfsleyfi og starfsemi einkarekinna læknastofa væri í meginatriðum skýrar og fullnægjandi til þess að tryggja öryggi og réttarstöðu sjúklinga.

Hópurinn vakti sérstaka athygli á því að ekki hafa verið í gildi samningar milli sérfræðilækna og Sjúkratrygginga Íslands í tæp tvö ár, en ríkið greiðir hlut í kostnaði sjúklinga á grundvelli undanþágu sem veitt er með reglugerð. Ráðgjafarhópurinn sagði þetta óviðunandi því þannig sé uppbyggingu heilbrigðiskerfisins breytt í grundvallaratriðum án atbeina löggjafans. Ráðgjafarhópurinn taldi samningsleysið veikja réttarstöðu sjúklinga og leiða til óvissu og óöryggis. Þá taldi hann niðurgreiðslur hins opinbera á tannlækniþjónustu sem veitt er án samnings vera brot á lögum. Hópurinn sagði að leita þyrfti allra leiða til að samningar tækjust og skorti til þess lagaforsendur yrði Alþingi að beita sér fyrir nauðsynlegum lagabreytingum.

Eftir árangurslausar samningaviðræður rann samningur um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) út í árslok 2011. Hvorki reyndist grundvöllur fyrir skammtímasamningi né



samningi til langs tíma. SHS taldi fjárveitingu samkvæmt fjárlögum 2012 alls ófullnægjandi til að hægt væri að halda uppi óbreyttu þjónustustigi. Í samræmi við lög um sjúkratryggingar töldu SÍ sér ekki heimilt að greiða fyrir þjónustuna þegar hvorki var í gildi samningur né endurgreiðslugjaldskrá. Ráðuneytið var á hinn bóginn ekki reiðubúið að heimila setningu endurgreiðslugjaldskrár og ákvað þess í stað að greiða SHS í samræmi við fjárveitingu á fjárlögum á meðan SHS sinnti sjúkraflutningunum í samræmi við samninginn sem rann út í árslok 2011. Ráðuneytið hefur síðan haft málið til úrlausnar, unnið að úttektum á flutningunum og gaumgæft aðra kosti en samninga við SHS til að tryggja sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu.

Sjúkraflug var boðið út í september 2012, en nýr samningur átti að taka gildi 1. janúar 2013. Frestir voru því afar naumir. Ástæða þess hve seint útboðið var auglýst var að hugmyndir höfðu verið uppi um að Landhelgisgæsla Íslands tæki yfir almennt sjúkraflug hér á landi. Velferðarráðuneytið og Landhelgisgæslan höfðu þannig átt í viðræðum um þetta og var ákveðið að fresta útboðinu meðan þær stæðu yfir. Aðkoma Landhelgisgæslunnar var eftir útboðið áfram til skoðunar og ákveðið að hafa samningstímann einungis til eins árs, með framlengingar-ákvæði til eins ár í senn að hámarki fimm sinnum.

Á öðrum stað í ársskýrslunni er að finna sérstakt yfirlit yfir samninga sem SÍ hafa gert og eru þeir af ýmsum stærðum og gerðum. Samtals voru á árinu 2012 í gildi 172 samningar, en í raun voru þeir mun fleiri þar sem á bak við tilgreinda rammasamninga eru oftast samningar við fleiri en einn viðsemjanda. Samningarnir voru við innlenda og erlenda aðila, stofnanir og sjálfstætt starfandi aðila. Þeir voru aðallega um heilbrigðisþjónustu, en einnig um aðgengi að þjónustunni, svo og um hjálpartæki, íhluti, lyf, næringu og sérfaði. Lesendur eru hvattir til að kynna sér þessa fjölbreyttu flóru samninga.

## Tilflutningur starfa frá TR og nýtt húsnæði

Samkomulag tókst um yfirtöku SÍ á 3,8 störfum frá TR á árinu 2012, þar af 2,8 sem innt höfðu verið af hendi á fjármálasviði TR fyrir SÍ. Nánar tiltekið var um að ræða bókhald rekstrar og réttindaflokka, kröfugerð og innheimtu vegna innlendra og erlendra aðila, aðgangsstjórnunarkerfi, póstmál, vélþökkun og sendiferðir. Eitt starf verkefnastjóra í upplýsingatækni færðist yfir í ársbyrjun, en hin yfirfærslan átti sér stað 1. apríl.

Yfirtakan á framangreindum störfum var liður í uppskiptingu TR og SÍ, en eftir hana lágu 13,4 stöðugildi enn hjá TR vegna þjónustu við SÍ. Skipting stöðugildanna var þannig að í þjónustumiðstöð TR voru 7,9 störf, á upplýsingatæknisviði 5 stöðugildi og alþjóðasviði 0,5. Ekki náðist samkomulag um frekari skref m.a. vegna þess að Velferðarráðuneytið sá sér ekki fært að ákvarða fjárhagslegar forsendur fulls aðskilnaðar stofnananna. Til viðbótar framangreindu samkomulagi sömdu stofnanirnar um húsnæðismál og fullan aðskilnað hvað þau varðaði. Starfsemi sjúkratryggingasviðs flutti á vordögum af þriðju hæðinni að Laugavegi 116 upp á þá fjórðu.

## Rafræn samskipti

Áfram var unnið ötullega að rafrænum samskiptum SÍ við veitendur heilbrigðisþjónustu og sjúkratryggða á árinu 2012. Í upphafi árs náðist sá stóri áfangi að öll apótek í landinu gátu þá flett upp í tölvukerfum sínum almennum upplýsingum um réttarstöðu sjúkratryggðra og hvort þeir ættu frekari rétt á grundvelli lyfjaskírteina. Hinn 10. febrúar var síðan síðasta lyfjaskírteinið gefið út á pappír. Auk beintengingar við apótekin var þetta mögulegt þar sem upplýsingar um afgreiðslu skírteina, gildistíma og lyfin sem þau taka til voru jafnframt gerðar aðgengilegar fyrir sjúkratryggða og birtar í Réttindagátt (Mínar síður SÍ á [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is)). Aðgangur að gáttinni var veittur með veflykli skattsins eða rafrænum skilríkjum. Samhliða þessum áfanga var áfram unnið að tengingum við heilbrigðisstofnanir og læknastöðvar.

Frumvarp til laga um nýtt greiðsluþátttökukerfi lyfja var lagt fram á Alþingi í nóvember 2011 og átti upphaflega að taka gildi 1. janúar 2012. Frumvarpið var samþykkt á vorþingi og gildistakan þá ákveðin 1. október 2012. Sú dagsetning var á hinn bóginn óraunhæf og gildistökuinni í framhaldinu frestað í tvígang, fyrst til 1. janúar 2013 og síðan til 4. maí 2013. Í kjölfar lagasetningarinnar varð uppbygging þessa nýja kerfis forgangsmál hjá SÍ það sem eftir lifði árs og langt inn á næsta ár. Fyrir utan nýja nálgun og ákvörðun sjúkratryggingaréttinda gekk kerfisbreytingin út á að hagnýta upplýsingar í rauntíma og að flytja útreikning greiðsluþátttökunnar frá apótekanum til SÍ.

Rúmu ári eftir að Réttindagátt SÍ var innleidd eða í september 2012 var opnuð ný þjónusta fyrir einstaklinga sem var birting yfirlits yfir viðskiptastöðu þeirra gagnvart SÍ. Um var að ræða þjónustu þar sem sjúkratryggðir fá yfirlit yfir viðskipti sín við SÍ þvert á alla réttindaflokka, svo og hvort greiðsla hafi verið innt af hendi. Ef í ljós kom að einstaklingar áttu „inneign“, t.d. ef upplýsingar um bankareikning vantaði, var gefinn kostur á að skrá reikninginn í gáttinni og flýta þannig fyrir útborgun.

Í lok október hlutu SÍ viðurkenningu fyrir nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnarsýslu fyrir árið 2012. Tílefnið var rafvæðing á umsýslu sjúkratryggingaréttinda og þjónustugáttirnar á [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is): Réttindagátt (fyrir sjúkratryggða) og Gagnagátt (fyrir veitendur heilbrigðisþjónustu). Viðurkenningin var mikil hvatning fyrir SÍ og endurspeglaði vandaða og markvissa vinnu starfsmanna SÍ og hugbúnaðarfyrirtækisins Prógramms ehf. Í umsögn og rökstuðningi fyrir viðurkenningunni kom eftirfarandi fram á nýsköpunarvef Háskóla Íslands:

*„Verkefnið felst í rafvæðingu (þróun rafrænna samskipta) á ýmsum þáttum er varða umsýslu sjúkratryggingaréttinda almennings í þeim tilgangi að tryggja að sjúkratryggðir nytu lögbundinna réttinda og til að ná rekstrarlegum markmiðum. Samhliða beinum rafrænum samskiptum voru byggðar upp þjónustugáttir á vef stofnunarinnar þar sem veitendur heilbrigðisþjónustu annars vegar og einstaklingar hins vegar geta glöggvað sig á tryggingalegri réttindastöðu viðkomandi á hverjum tíma.*

*Rafvæðingin leysti af hólmi flókið handvirkt kerfi sem m.a. fól í sér utanumhald einstaklinga vegna greiðslu fyrir heilbrigðisþjónustu og útgáfu skírteina af ýmsu tagi til að hljóta afslátt af þjónustu. Hér er um nýjung að ræða hvað varðar flókna og viðkvæmu almannaðjónustu og aðgang einstaklinga að réttum og öruggum upplýsingum er varða eigin hag, sem og aðgang veitenda þjónustu að gögnum sem tryggja rétt sjúkratryggðra. Lausnin hefur því mikið almannagildi og hefur mikla þýðingu fyrir stofnunina. Jafnframt felst aukin fjárhagsleg hagkvæmni í lausninni.“*

Steingrímur Ari Arason,  
forstjóri.

## Hlutverk og skipulag Sjúkratrygginga Íslands

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) tóku til starfa þann 1. október 2008. Stofnunin heyrir undir velferðarráðuneytið og fer með framkvæmd sjúkratrygginga samkvæmt lögum nr.112/2010, slysatrygginga skv IV. kafla laga um almannatryggingar nr. 100/2007 og sjúklingatryggingar skv lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000.

### Hlutverk

Markmið laga um sjúkratryggingar er að tryggja sjúkratryggðum aðstoð til verndar heilbrigði og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Jafnframt er markmið laganna að stuðla að rekstrar- og þjóðhagslegri hagkvæmni í heilbrigðisþjónustu en um leið hámarka gæði þjónustunnar eins og mögulegt er. SÍ annast framkvæmd sjúkratrygginga og semja um og greiða fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt framangreindum lögum, í samræmi við stefnumörkun velferðarráðherra á hverjum tíma.

### Skipulag og starfsemi

Starfsemi Sjúkratrygginga Íslands er umfangsmikil. Hjá stofnuninni starfa um 100 manns og eru starfsstöðvarnar tvær; að Laugavegi 114-118 þar sem aðalstarfsemi SÍ fer fram og að Vínlandsleið 16 þar sem Hjálpartækjamiðstöð stofnunarinnar er staðsett. SÍ taka m.a. þátt í eftirfarandi kostnaði almennings vegna heilbrigðisþjónustu:



- Lækniskostnaði
- Tannlæknakostnaði
- Lyfjakostnaði
- Þjálfunarkostnaði
- Hjálpartækjum
- Ferðakostnaði, og sjúkraflutningi
- Erlendum sjúkrakostnaði



SÍ sjá einnig um greiðslu sjúkradagpeninga, framkvæmd slysatrygginga og sjúklingatryggingar. Slysatryggingar fela í sér greiðslu bóta vegna slysa við vinnu- heimilis- og íþróttaslysa. Sjúklingatrygging snýr að réttindum einstaklinga í ákveðnum tilvikum til bóta fyrir líkamlegt eða geðrænt tjón sem verður í tengslum við rannsóknir eða sjúkdómsmeðferð hér á landi.



Kærumál vegna afgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands koma til úrskurðar hjá Úrskurðarnefnd almannatrygginga en í henni eru þrjú menn skipaðir til sex ára í senn, tveir lögfræðingar og einn læknir.

Sjúkratryggingar Íslands og Tryggingastofnun ríkisins reka sameiginlega afgreiðslu, þjónustu og upplýsingagjöf við viðskiptavinum sína að Laugavegi 114. Sýslumenn víðsvegar um landið starfa einnig fyrir Sjúkratryggingar og þjónusta almenning á landsbyggðinni.

Skipulag SÍ







## Stjórn Sjúkratrygginga Íslands 2012

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Sjúkratrygginga Íslands og skal einn skipaður formaður stjórnar og annar varaformaður. Skipaðir skulu jafn margir menn til vara. Formaður stjórnar boðar til stjórnarfundar og stýrir þeim og situr forstjóri fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður þóknun til stjórnarmanna sem skal greidd af rekstrarfé stofnunarinnar.

Stjórn Sjúkratrygginga Íslands skal staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun og marka henni langtíma stefnu. Skal stjórnin hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og að rekstur hennar sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma.

Formaður stjórnar Sjúkratrygginga Íslands skal reglulega gera ráðherra grein fyrir starfsemi hennar og gera honum viðvart ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga og ef rekstur er ekki í samræmi við fjárlög.

Forstjóri Sjúkratrygginga Íslands er Steingrímur Ari Arason. Hann var skipaður af heilbrigðisráðherra til 5 ára.



# Rekstur Sjúkratrygginga Íslands 2012

## Fjárframlög

Framlag á fjárlögum 2012 var 488,2 milljónir kr. Þar er gert ráð fyrir 3% lækkun frá fyrra ári vegna hagræðingarkröfu til að mæta markmiðum ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum eða sem nemur um tæpum 15 milljónum kr. Engar hækkanir urðu á framlaginu á árinu vegna launabreytinga eða annarra forsendubreytinga.

## Rekstur ársins

Viðvarandi niðurskurður á fjárheimildum er farin að segja verulega til sín í rekstri stofnunarinnar. Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) hafa sætt um 25% niðurskurði á fjárheimildum frá efnahagshruninu haustið 2008.

Mikill árangur hefur náðst í hagræðingu á undanförunum árum. Tekist hefur að auka rafræna þjónustu eins og að var stefnt. Það stendur hins vegar stofnuninni fyrir þrifum að geta ekki innleyst þá hagræðingu sem í rafvæðingu er fólgin vegna fjárheimilda sem liggja fastar hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna starfa sem ekki fást yfirtekin. Sorglega staðreyndin er því sú að TR er að njóta ávaxtanna af hagræðingu SÍ í formi umfangsminni verkefna.

## Húsnæðismál

Miklar breytingar urðu í húsnæðismálum á árinu, en SÍ stóð til boða húsnæði á fjórðu hæð Laugavegar 116 þegar Lýðheilsustöð flutti út. Samkomulag varð um að SÍ fengi húsnæði Lýðheilsustöðvar auk þess rýmis sem TR hafði haft á sömu hæð. Á móti fékk TR húsnæði á þriðju hæð Laugavegar 116 sem SÍ hafði áður haft. Samhliða þessum breytingum yfirtók SÍ leigusamning um svokallaðar „portgeymslur“ og mun SÍ í framhaldinu hætta að nota skjalgeymslur að Laugavegi 114.

Breytingarnar á húsnæðinu auðvelduðu frekari aðskilnað á milli SÍ og TR og hættu stofnanirnar í kjölfarið að nota sameiginlegt aðgangs- og öryggiskerfi. Stofnanirnar hafa eftir það ekki aðgang að húsnæði hinnar nema að mjög takmörkuðu leyti.

## Samstarf SÍ og TR

Árið 2012 var ekki frábrugðið fyrri árum að því leyti að SÍ kappkostaði að draga sem mest úr samstarfi við TR. Fyrir þeirri áherslu liggja bæði stjórnunarlegir og fjárhagslegir þættir, því eins og rakið er hér að framan þá hefur SÍ ekki fengið að njóta ávaxtanna af hagræðingaraðgerðum fyrir það að vera gert að greiða sama verð fyrir þjónustu sem fer sífellt minnkandi.

Ágreiningur hefur frá upphafi verið um þjónustulíkan SÍ og TR og fékk velferðarráðuneytið ráðgjafa frá InDevelop til að gera tillögur að úrbótum. Niðurstaða ráðgjafanna um nýtt þjónustulíkan og kostnaðarskiptingu var send velferðar- ráðuneytinu í byrjun desember. Með líkaninu er staðfestur fjöldi þeirra starfa SÍ sem liggja hjá TR sem og aðferðarfræði við kostnaðarskiptingu.

SÍ hefur frá upphafi lagt á það áherslu að halda vel utanum raunverulegt verðmæti þjónustukaupa af TR. Milli árána 2011 og 2012 minnkuðu verðmæti kaupanna úr 166 m.kr. í 136 m.kr. Meginskýring er yfirtekin störf frá TR og yfirtaka SÍ á greiðslu kostnaðar.

## Erlent samstarf

Stofnunin tók þátt í norræna almannatryggingamótinu sem haldið var í Tampere í Finnlandi að þessu sinni.



### Mannauðsmál

Í árslok 2012 var fjöldi starfsmanna 110 og hafði þeim fjölgað frá 105 eða um 5 frá árslokum 2011. Fjöldi stöðugilda í árslok var 103,21 og hafði fjölgað frá 99,52 eða um 3,69 frá árslokum 2011. Konur voru 83 í árslok 2012 eða 75% og karlar 27 eða 25%. Konum voru jafnmargar og í árslok 2011 en karlmönnum fjölgaði um 5.

Háskólamenntaðir starfsmenn voru 47 eða 42,73% starfsmanna í 44,49 stöðugildum á árinu 2012 sem er sami fjöldi og árið áður. Konur í þessum hópi voru 30 eða 63,83% en karlar 17 eða 36,17%.

Aðrir starfsmenn voru 63 í 58,72 stöðugildum á árinu 2012. Þeir eru 57,27% starfsmanna í 46,72% stöðugilda. Konur í þessum hópi eru 53 en karlarnir 10.

Starfsmannavelta á árinu 2012 var 12,7% en var 12,4% á árinu 2011.

	2012		2011		2010	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Fjöldi starfsmanna	110		105		106	
Konur %		75%		79%		78%
Karlar %		25%		22%		22%
Fjöldi stöðugilda	103,2		99,5		100,6	
Menntunarhlutfall:						
Starfsmenn hjá BHM	47	43%	47	45%	48	45%
Starfsmenn hjá SFR og öðrum stéttarfélögum	63	57%	58	55%	58	55%
Starfsmannavelta		12,7%		12,4%		11,3%

Á árinu setti SÍ sér samgöngustefnu og hvatti starfsfólk til að nota vistvænan og hagkvæman ferðamáta til og frá vinnustað. Í því skyni var m.a. gerður samningur við Strætó bs. um afslátt á fargjöldum í forni samgöngukorts.

Í jafnréttisstefnu SÍ er lögð áhersla á að gætt sé fyllsta jafnréttis á milli karla og kvenna og að bæði kynin njóti jafna tækifæra. Fjöldi karla og kvenna eftir aldurshópum Hjá SÍ er lögð áhersla á að starfsfólk fái nægar upplýsingar til að sinna starfi sínu og veita góða þjónustu. Starfsmannafundir eru haldnir fjórum sinnum á ári þar sem upplýsingum um rekstur og það sem er á döfinni hjá stofnuninni er miðlað til starfsmanna.

### Rekstur ársins 2012

Framlög til rekstrar Sjúkratrygginga Íslands voru 488,2 m.kr. á fjárlögum ársins 2012. Engar breytingar voru gerðar á árinu á fjárheimildum.

Á árinu 2012 voru sértekjur stofnunarinnar 688,9 m.kr. og rekstrargjöld námu 1.159,5 m.kr. Gjöld umfram tekjur voru 470,5 m.kr. og ríkisframlag 488,2 m.kr. Tekjuafgangur ársins varð 17,7 m.kr. Höfuðstóllinn hækkaði því úr 7,0 m.kr. í ársbyrjun í 24,7 m.kr. í árslok 2012. Tekjuafgangur skýrist að mestu af framlagi frá Velferðaráðuneyti vegna nýs greiðsluþátttökukerfis lyfja. Þessu fjármagni verður ráðstafað 2013.

# Annáll 2012

## Sjúkratryggingar Íslands

### Lög

*Breytingar á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 og lyfjalögum nr. 93/1994 á árinu 2012.*

Nr. [131/2012](#)

LÖG um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (samningar sjúkratryggingastofnunarinnar).

Tóku gildi 01.01.2013.

Nr. [130/2012](#)

LÖG um breytingu á lögum nr. 45/2012, um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (greiðsluþátttaka í lyfjakostnaði, frestun).

Tóku gildi 28.12.2012.

Nr. [105/2012](#)

LÖG um breytingu á lögum nr. 45/2012, um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (greiðsluþátttaka í lyfjakostnaði, frestun).

Tóku gildi 28.09.2012.

Nr. [45/2012](#)

LÖG um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum (greiðsluþátttaka í lyfjakostnaði).

Tóku gildi 01.10.2012.

### *Ný lög*

Nr. [34/2012](#)

LÖG um heilbrigðisstarfsmenn.

Tóku gildi 18.05.2012

### Reglugerðir

#### *Sjúkratryggingar og almannatryggingar*

Nr. [1219/2012](#)

REGLUGERÐ um (7.) breytingu á reglugerð nr. 213/1991, um greiðslur vasapeninga sjúkratryggðra, með síðari breytingum.

Nr. [1217/2012](#)

REGLUGERÐ um daggjöld fyrir hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2013.

Nr. [1216/2012](#)

REGLUGERÐ um fjárhæðir bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2013.

Nr. [1210/2012](#)

REGLUGERÐ um fjárhæðir greiðslna fyrir árið 2013 samkvæmt lögum um réttindi lifandi líffæragjafa til tímabundinnar fjárhagsaðstoðar.

Nr. [1209/2012](#)

REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 1025/2008, um sjúkradagpeninga.

Nr. [1179/2012](#)

AUGLÝSING um (2.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, nr. 1345/2011 fyrir tæknifrjógvun sem ekki hefur verið samið um.

Nr. [1142/2012](#)

REGLUGERÐ um (6.) breytingu á reglugerð nr. 333/2011 um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

Nr. [1134/2012](#)

AUGLÝSING um (4.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, nr. 703/2010, fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Nr. [1119/2012](#)

REGLUGERÐ um (2.) breytingu á reglugerð nr. 698/2010 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tannlækningar.

Nr. [1101/2012](#)

REGLUGERÐ um heilbrigðisþjónustu við þá sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um sjúkratryggingar og greiðslur þeirra fyrir heilbrigðisþjónustuna.

Nr. [1100/2012](#)

REGLUGERÐ um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Nr. [1069/2012](#)

AUGLÝSING um (1.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, nr. 1345/2011 fyrir tæknifrjógvun sem ekki hefur verið samið um.

Nr. [1063/2012](#)

REGLUGERÐ um (2.) breytingu á reglugerð nr. 55/2009, um styrki til kaupa á næringarefnum og sérfæði.

Nr. [1012/2012](#)

REGLUGERÐ um brottfellingu reglugerðar nr. 408/2011, um tímabundna tannlæknaþjónustu án endurgjalds fyrir börn tekjulágra foreldra, með síðari breytingum.

Nr. [997/2012](#)

REGLUGERÐ um (2.) breytingu á reglugerð nr. 917/2011 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjógvanir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

Nr. [878/2012](#)

AUGLÝSING um (3.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, nr. 703/2010, fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Nr. [860/2012](#)

REGLUGERÐ um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar (II).

Nr. [777/2012](#)

REGLUGERÐ um (5.) breytingu á reglugerð nr. 333/2011 um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

Nr. [776/2012](#)

REGLUGERÐ um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1023/2011 um endurgreiðslu kostnaðar fyrir einnota áhöld og efni vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

Nr. [766/2012](#)

AUGLÝSING um (4.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands nr. 334/2011 fyrir þjónustu sérgreinalækna sem ekki hefur verið samið um.

Nr. [765/2012](#)

AUGLÝSING um (2.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands nr. 1004/2011 fyrir einnota áhöld og efni.

Nr. [746/2012](#)

REGLUGERÐ um (7.) breytingu á reglugerð nr. 403/2010, um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum.

Nr. [670/2012](#)

REGLUGERÐ um slysatryggingar við heimilisstörf.

Nr. [571/2012](#)

AUGLÝSING um (2.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, nr. 703/2010, fyrir tannlækningar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kalfa laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.

Nr. [442/2012](#)

REGLUGERÐ um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um almannatryggingar.

Nr. [343/2012](#)

REGLUGERÐ um (6.) breytingu á reglugerð nr. 403/2010, um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum.

Nr. [289/2012](#)

AUGLÝSING um (3.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands nr. 334/2011 fyrir þjónustu sérgreinalækna sem ekki hefur verið samið um.

Nr. [288/2012](#)

AUGLÝSING um (1.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands nr. 1004/2011 fyrir einnota áhöld og efni.

Nr. [179/2012](#)

REGLUGERÐ um (4.) breytingu á reglugerð nr. 333/2011 um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

Nr. [178/2012](#)

REGLUGERÐ um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1023/2011 um endurgreiðslu kostnaðar fyrir einnota áhöld og efni vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

Nr. [63/2012](#)

REGLUGERÐ um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1175/2011 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Nr. [47/2012](#)

REGLUGERÐ um daggjöld fyrir hjúkrunar-, dvalar- og dagvistarrými sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2012.

*Lyf*

Nr. [1201/2012](#)

REGLUGERÐ um (8.) breytingu á reglugerð nr. 403/2010, um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum.

Nr. [746/2012](#)

REGLUGERÐ um (7.) breytingu á reglugerð nr. 403/2010, um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum.

Nr. [343/2012](#)

REGLUGERÐ um (6.) breytingu á reglugerð nr. 403/2010, um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum.

Nr. [238/2012](#)

REGLUGERÐ um (5.) breytingu á reglugerð nr. 403/2010, um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga við kaup á lyfjum

## Yfirlit yfir samninga í gildi 2012

- Barnalæknaþjónustan ehf. um vaktþjónustu í barnalækningum.
- LR f.h. Læknisfræðilegrar myndgreiningar um læknisfræðilega myndgreiningu.
- Íslensk myndgreining ehf. um læknisfræðilega myndgreiningu.
- Sérfræðingar í líffærameinafræði, sem starfa á Vefjarannsóknastofunni, Álíheimum 74 um rannsóknir í líffærameinafræði.
- Rannsóknarstofan í Glæsibæ um blóðmeina- og efnameinafræðirannsóknir.
- Rannsóknastofan í Mjódd ehf. um blóðmeina- og efnameinafræðirannsóknir.
- Ellen Mooney um rannsóknir í húðmeinafræði.
- Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði um lyfja og eiturefnarannsóknir.
- Frumurannsókn ehf. um rannsóknir í frumumeinafræði.
- Rannsóknastofur Landspítala um rannsóknir í klínískri lífefnafræði, blóðmeinafræði, ónæmisfræði, sýklafræði og veirufræði.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um rannsóknir í klínískri lífefnafræði og blóðmeinafræði.
- Rammasamningur við smærri stofnanir um rannsóknir sem pantaðar eru af sjálfstætt starfandi læknum.
- Húðlæknastöðin um lasermeðferð.
- Útlitslækning um lasermeðferð.
- LaserSjón ehf. um aðgerðir með excimer leysitækni.
- Sjónlag hf. um aðgerðir með excimer leysitækni.
- Augljós ehf. um aðgerðir með excimer leysitækni.
- LaserSjón ehf. um augasteinsaðgerðir.
- Sjónlag hf. um augasteinsaðgerðir.
- Augnlæknar Reykjavíkur um aðgerðir með leysitækni vegna gláku.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um liðskiptaaðgerðir.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um augasteinsaðgerðir.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í taugalækningum.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í húðlækningum.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í efnaskipta- og innkirtlalækningum.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um rannsóknir í líffærameinafræði.
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um þjónustu sérfræðings í hjartalækningum.
- Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks um sérfræðiþjónustu í kven- og geðlækningum.
- Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks um sérfræðiþjónustu í bæklunarskurðlækningum, almennum skurðlækningum, lýta- og þvagfæraskurðlækningum.
- Heilbrigðisstofnun Blönduóss um sérfræðiþjónustu í lungna-, hjarta- og efnaskipta og innkirtlalækningum.
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um þjónustu sérfræðings í húðlækningum.
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um aðstöðu og svæfingar v/ tannlækninga.
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um sérfræðiþjónustu í hjartalækningum.
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um þjónustu krabbameinslæknis og kvensjúkdómalæknis.
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um þjónustu hjartalæknis.
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um þjónustu öldrunarlæknis.
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um þjónustu barnalæknis.
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um þjónustu húðsjúkdómalæknis.
- Læknavaktin um móttökuvakt á höfuðborgarsvæðinu.

- Læknavaktin um vitjanþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.
- Rammasamningur við heimilislækna utan heilsugæslu.
- Læknafélag Íslands um þjónustu heimilislækna á læknastofum utan heilsugæslu.
- Rammasamningur við sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara um sjúkraþjálfun.
- Félag sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara um faglegt samstarf.
- Rammasamningur um göngudeildarsjúkraþjálfun á nokkrum heilbrigðisstofnunum.
- Samkomulög við einstaka sjúkraþjálfara til að sinna þjónustu við dreifðar byggðir.
- Sjálfsbjörg Akureyri um sjúkraþjálfun.
- Landspítalinn um sjúkraþjálfun á sjúkrahótelu.
- Rammasamningur við talmeinafræðinga um talmeinaþjónustu.
- Félag talkennara og talmeinafræðinga um faglegt samstarf.
- Samkomulög við einstaka talmeinafræðinga til að sinna þjónustu við dreifðar byggðir.
- Gigtarfélagið um iðjuþjálfun.
- Sjálfsbjörg Akureyri um iðjuþjálfun.
- Þraut ehf. um þverfaglega endurhæfingu fyrir einstaklinga með vefjagigt.
- Karitas um sérhæfða líknandi heimahjúkrun.
- Heilsuefingarmiðstöðin um sérhæfða hjúkrunarmeðferð í heimahúsum.
- Heimahlynning á Akureyri um sérhæfða hjúkrunarmeðferð í heimahúsum.
- Akureyrarbær um heimahjúkrun við heilsugæsluna á Akureyri.
- Umönnun á Akureyri um hjúkrun í heimahúsum, gildi til 31. mars 2012.
- Landspítali um hjúkrun stómasjúklinga í heimahúsum.
- Landspítali um tilvísanir, aðstoð og aðstöðu við þjónustu Karitas.
- Landspítali um samstarf við heimahjúkrun barna.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um tilvísanir, aðstoð og aðstöðu við þjónustu Heimahlynningar á Akureyri.
- Sjúkrahúsið á Akureyri um tilvísanir, aðstoð og aðstöðu við þjónustu Umönnunar á Akureyri.
- Rammasamningur við ljósmæður vegna fæðinga og umönnunar sængurkvenna í heimahúsum.
- Rammasamningur við sálfræðinga um sálfræðimeðferð fyrir börn og unglunga.
- BUGL um tilvísanir í sálfræðimeðferð.
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins um tilvísanir í sálfræðimeðferð.
- Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins um tilvísanir í sálfræðimeðferð.
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um tilvísanir í sálfræðimeðferð.
- SÁÁ um áfengis- og vímuefnameðferð á sjúkrahúsinu Vogu.
- SÁÁ um dagdeildarþjónustu fyrir áfengissjúka.
- SÁÁ um göngudeildarþjónustu fyrir áfengissjúka.
- Rammasamningur við tannlækna um forvarnareftirlit þriggja, sex og tólf ára barna.
- Tannlæknadeild Háskóla Íslands/LSH um tannlækningar á göngudeild.
- Peter Holbrook um munnvatnsrannsóknir.
- Húðlæknastöðin ehf. um ljósameðferðir vegna húðsjúkdóma.
- Rammasamningur um ljósameðferðir vegna húðsjúkdóma.
- Landspítali um ökuhæfnismat (endurhæfingardeild Grensási).
- Landspítali um ígræðslu nýrna frá lifandi gjöfum.
- Landspítali um stofnfrumumeðferð.
- Landspítali um innæðaviðgerðir vegna æðagúla í höfði.
- Landspítali um kuðungsígræðslu.
- Landspítali um einingarverð og gjaldskrá v/ verka unnin á dag- og göngudeildum.
- Landspítali um umsýslu og greiðslu kostnaðar vegna S-merktra lyfja.

- Sjúkrahúsið á Akureyri um umsýslu og greiðslu kostnaðar vegna S-merktra lyfja.
- Landspítali um rúmmálsstyrðar öndunarvéla í heimahúsum ásamt þjónustu (CPAP, BIPAP).
- Landspítali um lyf veitt á göngu- og dagdeildum blóð- og krabbameinsdeilda.
- Landspítali um vinnureglur um lækni meðferðir erlendis.
- Landspítali um heimflutning og gjörgæslu fyrir sjúkratryggða sem sendir hafa verið af Siglinganefnd til Gautaborgar.
- Landspítali um radiofrequency ablation (RFA) meðferð við krabbameini í lifur.
- Landspítali um söfnun og flutning á eitilfrumum frá Svíþjóð til Íslands og um chimerismapróf.
- Landspítali vegna framkvæmdar á samningi SÍ og Sahlgrenska sjúkrahússins í Gautaborg.
- Landspítali tímabundinn samningur vegna aðgerða við parkinsonsveiki og rafhlöðuskipti.
- Landspítali um aðgerð til að ljúka leiðréttingu á kyni.
- Landspítali um hjartalokuskipti með þræðingartækni.
- Landspítali um innri geislun v. krabbameins í blöðruhálskirtli.
- Landspítali um aðgerð á sjúklingi með endurtekna bláæðasega.
- Landspítali um að fá sérgreinalækni sem starfar erlendis til að veita meðferð á sjúkrahúsi á Íslands.
- Landspítali um brennsluáðgerð vegna gáttatífs.
- Landspítali um greiðslur rannsóknna sem pantaðar eru af Heilsugæslunni í Salahverfi.
- Landspítali um heimflutning fyrir sjúkratryggðan einstakling með gervihjarta frá Berlin Heart.
- Landspítali um IL2-meðferð fyrir sjúkratryggðan sjúkling.
- Landspítali og Errex samstarfssamningur um nýrnagjafa.
- Landspítali samkomulag vegna samnings SÍ og Skåne Care um hjartaskurðlækningar á börnum.
- Skåne Care AB Lund Sweden um hjartaáðgerðir á börnum.
- Children's Hospital í Boston um meðferð barna.
- Íslenska kirkjan í Svíþjóð um aðstoð við sjúklinga í Gautaborg.
- Karolinska University Hospital um stofnfrumumeðferð.
- Karolinska University Hospital um meðferð með geislun (Gamma Knife).
- Rikshospitalet í Noregi um Psoriasis meðferð.
- Rigshospitalet í Kaupmannahöfn um þjónustu vegna PET – SCAN.
- Sahlgrenska International Care Gautaborg um líffæragjafir og þjónustu.
- Ingibjörg Helgadóttir hjúkrunarfræðingur um aðstoð við sjúklinga í Stokkhólmi og nágrenni sem þangað fara á vegum Sjúkratrygginga Íslands.
- Níni Jónasdóttir hjúkrunarfræðingur um aðstoð við sjúklinga í Lundi og nágrenni.
- Samningar í kjölfar útboðs um bæklunarskó ásamt tilheyrandi þjónustu við Kollidoor ehf., Orthos ehf., Stoð hf., Stoðtækni Skósmiðju ehf. og Stoðtækjafræðinginn ehf.
- Samningar í kjölfar útboðs um spelkur og viðaukasamningur um viðhalds og viðgerðarþjónustu við Orthos ehf., Stoð hf., Össur hf. og Stoðtækjafræðinginn ehf. Eirberg ehf., frá 1. júní 2012.
- Samningar í kjölfar útboðs um gervilimi og viðaukasamningur um viðhalds og viðgerðarþjónustu við Stoð hf. og Össur hf.
- Samningar í kjölfar útboðs um bað- og salernishjálpartæki við Fastus ehf., Eirberg ehf., Icepharma ehf., Stoð ehf. og Öryggismiðstöð Íslands hf.
- Rammasamningar í kjölfar útboðs um sjúkrarúm, persónulyftara og fylgihluti Eirberg ehf., Fastus ehf., Icepharma hf., Öryggismiðstöð Íslands hf. og Stoð hf. Fönix ehf., Dimar ehf. og Svefn og heilsa ehf. til 30. apríl 2012.
- Rammasamningar og viðaukasamningar um þjónustu í kjölfar útboðs um bleiur, netbuxur, bindi o.fl. við Logaland hf og Rekstrarvörur hf.
- Samningar í kjölfar útboðs um vinnustóla og sérstaka barnastóla við Fastus ehf., Eirberg ehf, Stoð hf. og Öryggismiðstöð Íslands hf.

- Samningar í kjölfar útboðs um hjólastóla við Fastus ehf., Eirberg ehf., Icepharma ehf., Stoð hf. og Öryggismiðstöð Íslands hf.
- Samningur um fylgihluti í kjölfar útboðs um setur og bók í hjólastóla við Stoðtækjafraeðinginn ehf.
- Samningar um gönguhjálpartæki við Fastus ehf., Eirberg ehf., Icepharma ehf. og Stoð ehf.
- Rammasamningar í kjölfar útboðs um þvagleggi og þvagpoka við Actavis hf., Fastus ehf., Icepharma ehf. og Medor ehf.
- Samningar í kjölfar útboðs um öryggiskallkerfisþjónustu við Securitas ehf., Öryggismiðstöð Íslands hf. og Slökkvilið Ísafjarðar.
- Rammasamningur í kjölfar útboðs um næringu um slöngu með tilheyrandi fylgihlutum og næringardrykkjum við Icepharma hf. ásamt samning um dreifingu/afhendingu og leigu og viðhald á dælum til notkunar í heimahúsum.
- Samningur um kaup og þjónustu varðandi amínósýrunæringu við Icepharma hf.
- Samningur við Icepharma hf. um dreifingu/afhendingu, leigu og viðhald á dælum fyrir næringu um slöngu.
- Samningur við Ísaga ehf. vegna súrefnisþjónustu.
- Samningar við Donnu ehf. og Ísaga ehf. um litlar, léttar og hreyfanlegar súrefnissíur.
- Samningur við Landspítala vegna hjúkrunarfræðilegrar ráðgjafar um súrefnisþjónustu í heimahúsum.
- Samkomulag við Landspítala um insúlíndætur (göngudeild sykursjúkra og göngudeild sykursjúkra barna).
- Samkomulag við Landspítala (göngudeild lungna, ofnæmis og gigtar) og Lyra sf. um mótefnaskortsætur.
- Samkomulag við Landspítala um raförvunartæki vegna vandamála í grindarbotni (göngudeild þvagfæraskurðeildar).
- Samkomulag við Landspítala um TNS raförvunartæki (endurhæfingardeild Grensási).
